

Reykjavík, 9. maí 2017
R17050067

Borgarráð

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Ferðafélags Íslands um að merkja og lagfæra gönguleiðir á Úlfarsfelli

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Ferðafélags Íslands um að merkja og lagfæra gönguleiðir á Úlfarsfelli. Verkefnið verður t.a.m. merkingar og stikun leiða í fjallinu til þess að auka veg svæðisins til útisvistar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Ferðafélags Íslands, ódags., um að merkja og lagfæra gönguleiðir á Úlfarsfelli.

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Ferðafélags Íslands

Reykjavíkurborg og Ferðafélag Íslands taka höndum saman um að merkja og lagfæra gönguleiðir í Úlfarsfelli og auka veg svæðisins til útivistar.

Hjá Ferðafélagi Íslands er mikil þekking á útivist og gerð gönguleiða en verkefnin geta verið lagfæringar, merkingar og stikun leiða í fjallinu. Verkefnin verða unnin í samstarfi Ferðafélags Íslands, Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar.

Ferðafélag Íslands og Reykjavíkurborg horfa til samstarfs til lengri tíma um ýmiss konar nýtingu á útivistarsvæðum borgarinnar.

Einstaka ferðir FÍ, t.d. borgargöngur, örgöngur í hverfum, ferðir ferðafélags barnanna geta orðið liður í viðburðadagatali Reykjavíkurborgar eftir nánara samkomulagi.

Hákinn á Úlfarsfelli, maí 2017

Dagur B. Eggertsson
borgarstjórinn í Reykjavík

Páll Guðmundsson
f.h. Ferðafélags Íslands